

Samningur milli UMSB kt. 670269-0869 og Haraldar Más Stefánssonar (HMS) kt. 010475-5899 um umhirðu á Íþróttavellinum á Varmalandi og umhverfi hans.

Greinargerð: *Íþróttavallarsvæðið á Varmalandi er notað af almenningi og íþróttafélögum innan UMSB. Tilgangurinn með samningi þessum er að tryggja að allt viðhald og umhirða á svæðinu verði sem best verður á kosið og unnið af fagmennsku með það að leiðarljósi að vallarsvæðið verði stolt okkar allra sem það notum og sérstaklega íþróttafélaganna sem bjóða þangað gestum í leik og keppni. Aðilar samnings gera sér grein fyrir því að skortur á viðhaldi hefur háð svæðinu undanfarin ár og er það vilji allra sem að málinu koma að vinna jöfnum höndum að því á næstu 2-3 árum að bæta úr því þannig að þau atriði sem verið hafa vanrækt undanfarin ár verði tekin í gegn og í framhaldinu tekinn í reglulegt viðhald svo vallarsvæðið verði sem glæsilegast.*

HMS mun hafa yfirumsjón með umhirðu og viðhaldi á íþróttavellinum á Varmalandi og umhverfi hans sbr. merkt svæði í fylgiskjali 1.

HMS leggur til þau tæki og tól sem hann á til að vinna þau verk sem kveðið er á um í samningi þessum. HMS hefur aðgang að þeim tækjum sem ætluð eru vallarsvæðinu í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja Borgarbyggðar.

Öll meiriháttar efniskaup eins og t.d. áburður, sandur, málning og fræ skal bera undir forstöðumann íþróttamannvirkja og verður það efni þá lagt til frá Borgarbyggð ásamt sérverkfærum og vélum sem þarf til verksins ef HMS á ekki slík tæki.

HMS skal sinna þessu starfi í samstarfi við forstöðumann íþróttamannvirkja Borgarbyggðar, framkvæmdastjóra UMSB og forsvarsmenn UMF. Stafholtstungna.

HMS skal leitast við að viðhalda íþróttavellinum á Varmalandi í sem bestu ásigkomulagi sem kostur er á.

Helstu verkþættir eru:

- Sláttur á fótboltavelli með jöfnu millibili að lágmarki fimm sinnum á vaxtartímabilinu.
- Viðhald og endurbætur á fótboltavellinum s.s áburðargjöf, viðgerðir á skemmdum og annað er þarf að gera svo völlurinn sé í sem bestu ásigkomulagi hverju sinni.
- Viðhald og endurbætur á öðrum þáttum á vallarsvæðinu s.s mörkum, langsstökksgrýfju, strandblaksvelli o.þ.h.
- Gera vallarsvæðið klárt að vori, lagfæra mörk og laga netin o.fl. og jafnframt að gera klárt að hausti með því að ganga frá mörkum og öðrum tækjum og tólum á vallarsvæðinu í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja og framkvæmdastjóra UMSB.
- Eftirlit með framkvæmdum á svæðinu í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja og framkvæmdastjóra UMSB.

HMS getur óskað eftir aðstoð unglíngavinnu Borgarbyggðar fyrir stærri viðburði og verkefni sér að kostnaðarlausu.

Vallarsvæðið er afhent HMS í því ástandi sem það er og fulltrúar aðila hafa skoðað og samþykkt.

Fyrir umsjón og umhirðu svæðisins samkvæmt samningi þessum og fylgiskjölum greiðast kr. 500.000,- á ári. Tilhögun á greiðslum er gerð í samráði við framkvæmdarstjóra UMSB. Verðbætur greiðast á fyrrgreinda fjárhæð miðað við vísitölu neysliverðs, og er grunnvísitala samningsins 174,5 stig (janúar 2014). Vísitala samningsins er uppreiknuð í byrjun hvers árs mv. vísitöluna í janúar og gildir þá út árið.

Samningur þessi er undirritaður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af þessum samningi skulu rekin fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir þar til honum er sagt upp. Hægt er að segja samningnum upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara. Samningsaðilar geta hvenær sem er óskað eftir að einstök atriði samningsins verði endurskoðuð eða samningurinn í heild. Náist samkomulag um þá endurskoðun skal skrifa undir nýjan samning með áorðnum breytingum

Borgarnesi 9.mars 2015

F.h. UMSB

F.h. HMS
